

Sp.

540. Tillaga

til þingsályktunar um ráðstafanir gegn áfengisbruggun og öðrum áfengislagabrotum.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Ingvar Pálmason, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að útrýma áfengisbruggun í landinu, og leggja fyrir lögreglustjóra landsins að framfylgja áfengislögunum til hins ýtrasta og láta þá menn, sem uppvisir verða að brotum gegn þeim, tafarlaust sæta refsingu eins og lög standa til.